

Framboð við kjör stjórnar á aðalfundi Síldarvinnslunnar hf. 19. mars 2026

Á dagskrá aðalfundarins í Síldarvinnslunni hf. 19. mars 2025 er kosning stjórnar í félaginu. Samkvæmt samþykktum félagsins er stjórnin skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara.

Frestur til að bjóða sig fram til stjórnar er nú runninn út og hafa eftirtalin boðið sig fram:

Í aðalstjórn:

Anna Guðmundsdóttir, kt. 130367-3729
Baldur Már Helgason, kt. 060376-3449
Erla Ósk Wissler Pétursdóttir, kt. 080980-5159
Guðmundur Rafnkell Gíslason, kt. 190270-2979
Þorsteinn Már Baldvinsson, kt. 071052-4359

Í varastjórn:

Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729
Katla Þorsteinsdóttir, kt. 121082-2929

Sjálfkjörið er því í stjórn og varastjórn

Nánari upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins.

Anna Guðmundsdóttir, aðalstjórn

Anna er með Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf., áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts ohf. frá 1998-2008. Anna er jafnframt framkvæmdastjóri Þingstaða ehf. Anna var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2013.

Anna situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Gjögurs hf., Kallnesings ehf., Kjálkaness ehf., Loftleiða Cabo Verde ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf.

Anna er hluthafi í Kjálkanes ehf. sem á 16,06 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Anna á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hún á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Anna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háð stórum hluthafa samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Baldur Már Helgason, aðalstjórn

Baldur er með Cand.sci. próf í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands (2000), lauk AMP stjórnunarnámi frá IMD háskólanum í Sviss (2022) og er með löggilt próf í verðbréfiðskiptum. Hann starfar sem framkvæmdastjóri hjá Heimum hf. og er einnig skráður framkvæmdastjóri Smáralindar ehf. og Kvikmyndahallarinnar ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Eyju fjárfestingarfélags (2017-2019). Fjárfestinga- og sjóðsstjóri hjá Auði Capital (2009-2016). Fjárfestinga- og lánastjóri hjá Íslandsbanka, m.a. í Bandaríkjunum og Danmörku (2000-2009). Hefur setið í stjórnnum hjá Skeljungu, Magn í Færeyjum, Securitas, Íslenska Gámafélaginu, Já og Domino's Íslandi og Noregi.

Baldur situr í stjórn S29 ehf., Grósku ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf. í dag. Baldur var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2021.

Baldur á 17.241 hluti í Síldarvinnslunni hf.

Baldur telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Erla Ósk Wissler Pétursdóttir, aðalstjórn

Erla Ósk er með B.A. próf í hagfræði og tölvunarfræði frá Macalester College í Bandaríkjunum og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar í dag sem forstöðumaður Executive MBA náms í Háskólanum í Reykjavík. Áður var hún framkvæmdastjóri Marine Collagen ehf. og mannauðstjóri hjá Vísi hf. um fjögurra ára skeið. Erla var fyrst kjörin í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2023.

Erla Ósk situr jafnframt í stjórnnum Codland ehf., Fisktækniskóla Íslands ehf., Fiskvinnslu Dýrafjarðar ehf., 55105 ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf.

Erla Ósk á 2.145.923 hluti í Síldarvinnslunni hf. í gegnum félagið 55105 ehf.

Erla telst óháð stórum hluthöfum félagsins en telst háð félaginu og daglegum stjórnendum samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Guðmundur Rafnkell Gíslason, aðalstjórn

Guðmundur er með B.ed. gráðu í kennsluvísindum. Hann starfar í dag sem framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað, Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað og Múlans samvinnuhúss ehf. Hann var áður framkvæmdastjóri Egilsbúðar í Neskaupstað, mannauðsstjóri ESS á Íslandi og framkvæmdastjóri Sjónaráss ehf. Sveitarstjórnarmaður í Neskaupstað og Fjarðabyggð 1990 – 2010 og forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar frá 2006-2010. Var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2016.

Guðmundur situr jafnframt í stjórnnum eftirtalinna félaga: Hrólfssker ehf., B.G Bros ehf., Bergs-Hugins ehf. og Vísis ehf.

Guðmundur er, eins og áður hefur komið fram, framkvæmdastjóri Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað sem eiga samtals um 10,87% hlut í Síldarvinnslunni. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Guðmundur telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Þorsteinn Már Baldvinsson, aðalstjórn

Þorsteinn er með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskole. Þorsteinn er stofnandi Samherja hf. og var forstjóri félagsins frá stofnun árið 1983 til ársins 2025. Þorsteinn var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2003.

Þorsteinn situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Samherji Fiskeldi ehf., 600 Eignarhaldsfélag ehf., Eignarhaldsfélagið Steinn ehf., Seley ehf., KABA sf., Sæból fjárfestingarfélag ehf., Salmon Garden hf., Bergur-Huginn ehf., Vísir ehf. og Eignarhaldsfélagið Súlan ehf.

Hann á 1.000.000 hluti í Síldarvinnslunni hf.

Þorsteinn telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Frambjóðendur í varastjórn

Ingi Jóhann Guðmundsson, varastjórn

Ingi er Cand. Oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða ehf. frá 1995-2000. Var fyrst kjörinn í stjórn Síldarvinnslunnar hf. árið 2001.

Ingi situr jafnframt í stjórnnum eftirfarandi félaga: Hrólfssker ehf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Jarðböðin ehf., Norðurböð ehf., Pharmarctica ehf., Gjögurtá ehf., StorMar ehf., K.R.- sport hf. og Loftleiðir Cabo Verde ehf.

Ingi er hluthafi í Kjálkanesi ehf. sem á 16,06 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Ingi á 22 % eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Hann á ekki hluti í eigin nafni í Síldarvinnslunni hf. Ingi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Katla Þorsteinsdóttir, varastjórn

Katla er sjúkranuddari frá WCCMT í Vancouver og starfar í dag sem stjórnarmaður. Katla hefur ekki setið áður í stjórn Síldarvinnslunnar hf.

Katla situr stjórnnum Kaldbaks hf., K & B ehf. og Eignarhaldsfélagsins Steins ehf.

Katla er hluthafi í Samherja hf. í gegnum félagið K & B ehf. en Samherji á 30,06 % hlut í Síldarvinnslunni hf. Katla telst óháð félaginu, og daglegum stjórnendum en telst háð stórum hluthafa samkvæmt "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.